

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. október 2012
Tilvísun 111
MKÁ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld, 101. mál

Vísað er til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 27. september sl. þar sem óskað var umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. („**Kauphöllin**“) um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (breytingar er varða framkvæmd o.fl.), 101. mál. Kauphöllin hefur áður komið á framfæri athugasemd við frumvarp sama efnis sem lagt var fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011-2012, sbr. þingskjal 1047 – 653. mál. Í umsögn sinni sem send var efnahags- og viðskiptanefnd þann 18. maí sl. kom Kauphöllin á framfæri athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins er varðar breytingu á 2. mgr. 7. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Vill Kauphöllin enn á ný ítreka þær athugasemdir sem þar komu fram.

Í fyrrgreindu ákvæði frumvarpsins er sett fram tillaga um að sérhver sá aðili sem hefur atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfavíðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra sé skylt að halda eftir staðgreiðslu í tengslum við slík víðskipti. Nánar tiltekið verður aðilum; fjármálafyrirtækjum, verðbréfafyrirtækjum og öðrum sem framkvæma verðbréfavíðskipti fyrir hönd einstaklinga eða lögaðila, gert skylt að reikna út, halda eftir og greiða staðgreiðslu af hagnaði vegna víðskiptanna. Kauphöllin telur að umrædd tillaga sé illframkvæmanleg, en forsenda fyrir réttum útreikningi á skattstofni vegna verðbréfavíðskipta er að upplýsingar um upphaflegt kaupverð séu tiltækar. Aðili sem hefur milligöngu um framkvæmd verðbréfavíðskipta hefur oftast en ekki takmarkaðan aðgang að slíkum upplýsingum. Þrátt fyrir þetta gerir 5. gr. frumvarpsins ráð fyrir að hann skuli bera ábyrgð á réttum skilum á staðgreiðslu.

Kauphöllin telur að 5. gr. frumvarpsins sé verulega íþyngjandi fyrir aðila sem hafa milligöngu um verðbréfavíðskipti og að framkvæmd til samræmis við ákvæðið verði flókin og óskilvirk. Enn fremur tekur Kauphöllin undir umsagnir frá KPMG ehf., Samtökum fjármálafyrirtækja og Víðskiptaráði sem sendar voru efnahags- og víðskiptanefnd á 140. löggjafarþingi. Í fyrrgreindum umsögnum er mælt gegn því að 5. gr. frumvarpsins verði samþykkt. Kauphöllin leggur til að ákvæðið verði felld brott úr frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

Magnús Kristinn Ásgeirsson,
lögfræðingur